

meira að öðrum hvorum punktinum; annar þessi endapunktur er *sparsendar-stefnan* (the thrifty principle), hinn er *fjárvogunar-stefnan* (the speculative tendency). Ef við gætum nákvæmlega að, þá verðum við þess varir, að það er talsverður mismunur á síðferði þeirra sem búa í því bygðarlagi, þar sem sparsendar-stefnan ræður athöfnum manna, heldur en þar, sem menn hallast í fjárvogunar-áttina. Sparsendar-stefnan er að-allega ráðandi í hinum gömlu löndum, sem maður kallar, að-undanteknum, ef til vill, nokkrum sjávarborgum. Sú stefna er enn fremur ráðandi að miklu leyti í þeim borgum, þar sem verksmiðjuðnaðar hefir verið rekinn um langan tíma, og sú stefna finst líka við stýrið í nýjum bygðarkögum, þar sem verulegar framfaratilraunir hafa ekki vaknað eða dafnað. Í stuttu máli sagt, sú stefna er ráðandi þar, sem fólk hefir við heldur þróngan kost að búa.

Fjárvogunar-stefnan er aftur á móti ráðandi í nýjum löndum, í bæjum og bygðum, sem eru í uppgangi, t. d. eins og flest ír bæir eru nú í Vestur-Canada, og sömuleiðis í sjávarkauptúnnum, jafnvel í gömlum löndum. — Fjárvogunar-tilhneigingin ríkir vanalega þar, sem fólk hefir nóg, eða að minsta kosti þar, sem fólk hefir nóg öðru hverju, þótt það vanti eitthvað annað veifið. Báðar þessar stefnur, — *sparnaðarstefnan* og *fjárvogunarstefnan* — hafa sína kosti og lesti í för með sér. Það er fátt, sem gerir menn eins reglusama og gætna, og sparnaðarstefnan; hún framleiðir hófsemi, sjálfsafneitun og í rauninni flest það, sem vér köllum *virkningarvert*. Nýtið þjóðfélag er auðugra af sannsögli í kaupum og sölum (Commercial truthfulness) heldur en það þjóðfélag, sem hallast að fjárvogunarstefnunni. Vér höfum vora eigin reynslu fyrir slíku. Eg sagði að hin eldri lond, og þar sem verksmiðjuðnaður hefir verið rekinn um langan tíma, hölluðust meira að sparnaðarstefnunni. Vér sjáum, að þau eru sannsöglari og vandaðri, að því er iðnað og vörugæði snertir, heldur en hin nýrri lond, eða þeir verksmiðjubærir, sem svo að segja eru nýkomnir á laggirnar. Allir sem nokkra reynslu hafa, vita að verksmiðjuvörur, búnar til í Canada, jafnast ekki á við verksmiðjuvörur búnar til á Eng-